

Stefndi Magi h/f greiði stefnanda, Ívari Herbertssyni, kr. 450.000 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1969 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 115.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Föstudaginn 27. maí 1977.

Nr. 55/1975. **Haraldur Jónsson og
Jón Hafdal Jónsson**
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Sigurði Sigurjónssyni
(Árni Gunnlaugsson hrl.).

Skiprúmssamningur. Uppsögn. Skipstjóri. Kröfu um viðurkenningu á sjóveðrétti synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 30. apríl 1975. Þeir krefjast þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnda og hann dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að þeir verði dæmdir til að greiða stefnda 12.454 krónur með 7% ársvöxtum frá 11. mars 1969 til greiðsludags og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Krafa um viðurkenningu sjóveðréttar kemur eigi til álita fyrir Hæstarétti, svo sem áfrýjun er háttað. Ekki eru fram

komin viðhlítandi gögn fyrir því, hvort verkfall það, sem í málinu greinir, hafi tekið til starfs stefnda.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda 40.000 króna málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Haraldur Jónsson og Jón Hafdal Jónsson, greiði stefnda, Sigurði Sigurjónssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Hafnarfjarðar 10. febrúar 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Sigurður Sigurjónsson, Naustakoti, Vatnsleysustrandarhreppi, höfðað fyrir dóminum með stefnum, birtum 31. mars 1969, á hendur Haraldi Jónssyni, Vesturgótu 16, Hafnarfirði, og Jóni Hafdal Jónssyni, Bröttukinn 25, Hafnarfirði, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 90.292.54 auk 8% ársvaxta frá 1. febrúar 1969 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati dómsins.

Þá krefst stefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti „í skipi því, er stefnandi var ráðinn skipstjóri á og stefndu áttu í byggingu hjá skipasmíðastöðinni Dröfn h.f., til tryggingar tildæmdum kröfum í málinu.“

Af hálfu stefndu er þess krafist, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati réttarins. Til vara krefjast stefndu þess, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð og málskostnaður felldur niður.

Stefnukrafan er á því byggð, að stefnandi hafi ráðist til stefndu hinn 26. nóvember 1968 sem skipstjóri á skip, er stefndu höfðu í smíðum hjá skipasmíðastöðinni Dröfn h/f, Hafnarfirði. Frá ráðningardegi hafi hann fylgst með smíði skipsins, en það hafi átt að vera tilbúið til þess að fara á vetrarvertíð veturinn 1969. Hinn

20. janúar 1969 hafi stefndu tjáð stefnanda, að þeir væru hættir við útgerð skipsins og væru búnir að selja það.

Stefnandi krefst starfslauna fyrir það tímabil, sem hann telur sig hafa haft eftirlit með smíði skipsins, þ. e. frá 26. nóvember 1968 til 20. janúar 1969, og auk þess launa á þriggja mánaða uppsagnarfersti frá 20. janúar að telja og sundurliðar kröfur sínar þannig:

„Kauptrygging kr. 16.835 á mánuði.

Fastakaup — 624 — —

1. Kauptr. frá 26/11 '68 — 20/1 '69 kr. 561,17 á dag í 55 d.

Fastakaup kr. 20,80 á dag kr. 32.008,57

2. 3ja mán. kaup vegna uppsagnarfrests sami kauptaxti samt. kr. 17.459,- á mán. — 52.377,00

3. 7% orlof af kr. 84.385,57 — 5.906,95

Kr. 90.292,54“

Stefndu halda því fram, að enginn ráðningarsamningur hafi stofnast með aðiljum málsins, og enn fremur að stefnandi hafi aldrei unnið við eftirlitsstörf í skipasmíðastöðinni Dröfn h/f vegna smíði umrædds skips.

Við aðiljayfirheyrslu var bókað eftir stefnanda: „Mætti skýrir svo frá, að hinn 20. nóv. 1968 hafi verið hringt heim til sín, en mætti var þá úti á sjó, en þegar hann hafi komið heim, hafi legið fyrir sér boð að hringja í Harald Jónsson. Mætti segist hafa gert það og hafi þá komið í ljós, að erindi Haraldar hafi verið að bjóða honum skipstjórnarstarf á komandi vetrarvertíð á skipi sem stefndu áttu í smíðum í skipasmíðastöðinni Dröfn h/f.

Mætti kveðst hafa hitt stefnda Harald til frekari samninga þ. 26. nóv. 1968. Segir mætti, að niðurstaðan af því samtali hafi orðið sú, að hann hafi verið ráðinn skipstjóri hjá stefndu frá þeim degi að telja og hafi kjörin átt að vera samkv. stéttarfélagssamningum.

Mætti segir, að daginn eftir að hann réð sig hjá stefndu hafi verið hringt í hann frá Sjöstjórnunni, Keflavík, og hann spurður, hvort hann væri laus. Mætti kveðst hafa sagt, að svo væri ekki, og varð samtalið þá eigi lengra. Mætti segir, að hann hafi verið beðinn um það af hálfu stefndu að fylgjast með smíði bátsins. Hafi hann komið í skipasmíðastöðina í því skyni nær daglega fram í miðjan janúar, en þá hafi hann frétt, að stefndu væru að selja bátinn. Mætti segist hafa átt tal við stefnda Harald um 20.

janúar og kveðst hafa spurt um það, hvort verið væri að selja bátinn. Segir mætti að stefndi Haraldur hafi sagt sér, að þeir væru búnir að selja bátinn, en þeir myndu greiða kaup, er næmi uppsagnarfresti frá þeim degi.

Mætti óskar að taka fram, að þá er hann réð sig hjá stefndu, hafi hann verið búinn að vera stýrimaður á m/b Ágústi Guðmundssyni, GK 95, í um það bil ár, og telur hann það hafa verið gott skiprúm. Mætti segir, að sér hafi skilist, að stefndi Haraldur væri framkvæmdastjóri og hafi hann oft átt skipti við hann, en stefndi Jón Hafdal hafi þó stundum verið viðstaddur. Mætti segist aldrei hafa fengið greidd nein laun fyrir þessa vinnu sína og kveðst ekki hafa verið neitt í þágu annarra á þessum tíma.

Aðspurður af lögmanni stefndu um það, hvenær stefnandi hafi hafið störf á vetrarvertíð, segir mætti, að hann hafi ráðið sig sem skipstjóra á m/b Skálabergr, sem gert var út frá Keflavík, og hafi hann hafið störf 11. mars, en hins vegar hafi ráðningin átt sér stað síðustu daga febrúar.

Mætti segir, að vinna sín við að fylgjast með smíði bátsins hafi verið í því fólgin að fylgjast með, hvernig verkið gengi og jafnframt gera tillögur um breytingar, ef honum þætti þeirra þurfa með. Hins vegar hafi smíðinni ekki verið það langt komið, að til þess kæmi, að gera þyrfti breytingar. Mætti segir, að þegar hann hafi komið í skipasmíðastöðina, hafi hann nokkrum sinnum hitt á Harald þar, en oft hitt á Sigurjón Einarsson, skipasmíð, og einnig yfirsmíðinn við verkið, sem mætti man ekki, hvað heitir.“

Eftir stefnda Jóni Hafdal var bókað við aðiljayfirheyrslu:

„Aðspurður segist stefndi muna eftir því, að þeir bræður hafi hitt stefnanda Sigurð á götu hér í Hafnarfirði, þeir hafi tekið tal saman og minnst á það við Sigurð, hvort hann vildi ekki koma til þeirra sem skipstjóri á bát, sem þeir áttu í byggingu í Dröfn. Sigurður hafi haft áhuga. Mætta minnir, að þetta hafi verið fyrir jól, eða a. m. k. þó nokkuð löngu áður en báturinn átti að vera tilbúinn, en það hafi staðið til, að hann yrði tilbúinn á netavertíð í mars-apríl.

Stefndi segir, að það hafi komið fram í þessu samtali, að stefnandi væri laus. Hann segir, að þeir hafi aldrei beðið stefnanda að líta eftir smíði skipsins. Það hafi stefndu sjálfir gert og enn fremur hafi Ágúst Sigurðsson verið tæknilegur ráðunautur. Stefndi segist ekki hafa orðið var við, að stefnandi fylgdist neitt með byggingu bátsins. Stefndi segist aðeins muna eftir því að

hafa talað svisvar við stefnanda um þetta efni. Fyrra samtalið sé greint hér að framan, en í síðara skiptið segist stefndi hafa hitt stefnanda fyrir framan Bæjarbíó og sagt honum, að þeir væru að selja. Mætti telur, að stefnandi hafi ekkert sagt við því, a. m. k. segist hann ekki minnst þess, að þeim hafi orðið neitt sundurorða. Stefnanda hafi ekki virst koma þetta neitt á óvart, hann muni hafa verið búinn að fréttu af því, að þeir væru að selja.“

Við aðiljayfirheyrslu kannaðist stefndi Haraldur Hafsteinn Jónsson ekki við að hafa hringt í stefnanda í nóvembermánuði 1968. Hann kvaðst hins vegar hafa átt tal við stefnanda í janúarmánuði 1969 og kvað hann þá hafa komið til tals, að stefnandi yrði hugsanlega skipstjóri á skipi, er stefndu áttu í smíðum í skipasmíðastöðinni Dröfn h/f. Hann minntist þess ekki, að stefnandi hefði komið heim til sín fyrir áramótin, en kvað hann hins vegar hafa komið heim til sín til viðræðna um þessi mál í janúar. Niðurstaðan af því samtali hafi orðið sú, „að stefnandi fengi skipstjórn á skipinu, þegar það yrði tilbúið og hafi þá verið reiknað með, að það yrði um miðjan marsmánuð.“

Stefndi Haraldur kvað það aldrei hafa komið til tals að biðja stefnanda að fylgjast með smíði bátsins. Hann tók fram, að stefndu hafi haft eftirlitsmann á fullum launum til að fylgjast með smíðinni og hafi þeim þótt nóg að hafa einn mann á fullum launum við það starf.

Lagður hefur verið fram í málinu kaupsamningur um umrætt skip, dagsettur 2. janúar 1969, þar sem stefndu selja 5 einstaklingum í Stykkishólmi umræddan bát.

Niðurlag aðiljaskýrslu stefnda Haralds Jónssonar er svohljóðandi: „Stefndi Haraldur segir, að samkomulagið við stefnanda, að hann tæki við skipstjórn, er báturinn yrði tilbúinn, hafi verið gert áður en nokkuð kom til orða að selja bátinn. Stefnandi Haraldur segir, að ekki hafi verið langur tími liðinn frá því samkomulagið var gert og þar til bátssalan kom til álita. Stefnandi Haraldur segist hafa hitt stefnanda skömmu síðar og kveðst þá hafa sagt honum frá bátssölunni.“

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Kristjáns Einarssonar, skipstjóra á Ágústi Guðmundssyni, GK 95, svohljóðandi:

„Ég undirritaður skipstjóri á m/b Ágústi Guðmundssyni GK-95 frá Vogum votta það hér með, að Sigurður Sigurjónsson, er var stýrimaður hjá mér árið 1968, sagði upp starfi sínu þann 23. nóvember 1968, vegna þess að hann réðst sem skipstjóri á bát

þann, er var verið að ganga frá smíði á í skipasmíðastöðinni Dröfn í Hafnarfirði, er þeir áttu Haraldur Jónsson og Jón H. Jónsson frá Hafnarfirði.“

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Ágústs G. Sigurðssonar skipatæknifræðings, þar sem hann lýsir því yfir, að hann hafi haft eftirlit með smíði umrædds báts fyrir stefndu og ekki orðið var við annan eftirlitsmann fyrir hönd eigenda.

Sigurjón Einarsson skipasmíður var yfirsmíður og verkstjóri við smíði umrædds skips. Hann kvað það hafa verið altalað í skipasmíðastöðinni, að stefnandi Sigurður yrði skipstjóri á skipinu, er það hæfi veiðar. Hann minntist þess ekki að hafa talað um það við stefndu, hvort stefnandi yrði skipstjóri á skipinu. Hann kvaðst muna eftir því að hafa spurt stefnanda, hvort hann yrði skipstjóri á skipinu, og hafi hann játað því. Hann kvað stefnanda ekki hafa unnið við smíðina. Spurður um, hvort stefnandi hafi komið oft, svaraði verkstjórinn: „Ég man sérstaklega eftir honum tvisvar sinnum, það getur vel verið, að hann hafi komið oft.“

Jón Pálmason, skrifstofustjóri hjá Dröfn h/f, kvað Sigurð hafa komið oft í skipasmíðastöðina og þá oft inn á skrifstofu sína og það hafi komið fram hjá honum, að hann yrði skipstjóri á skipinu: „Hann tilkynnti mér ekki, að hann væri til eftirlits, en mér þótti eðlileg vera hans þarna sem verðandi skipstjóra.“

Skrifstofustjórinn minntist þess ekki, að það hefði komið fram hjá stefndu, að stefnandi væri ráðinn skipstjóri, „enda hafi þeir lítið samband haft við sig.“

Stefnandi bar við aðiljayfirheyrslu, að hann hafi farið að krefja um kaup í janúarmánuði 1969 og kvaðst hafa krafist stefnda Harald um kaupið. Hann kvaðst hafa um mánaðamótin janúarfebrúar snúið sér til lögmanns stefndu og beðið hann að hlutast til um, að þeir greiddu sér laun. Lögmaðurinn hafi sagst mundu athuga málið.

Lögmaðurinn, Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður, kom fyrir dóminn sem vitni. Hann kvað stefnanda hafa komið á skrifstofu sína oft en einu sinni og óskað eftir því að fá peninga, þ. e. beðið sig að hafa milligöngu sem lögfræðing stefndu um að fá þá til að greiða sér. Lögmanninn minnti, að það hafi verið eftir áramótin 1968—1969 sem stefnandi kom fyrst. Lögmaðurinn kvaðst hafa snúið sér til stefndu, en þeir hafi ekki viljað greiða stefnanda. Í síðara skiptið, sem stefnandi kom, þá hafi hann spurt, hvort hann gæti ekki fengið eitthvað upp í þetta,

t. d. 1.000 kr. Lögmaðurinn kvaðst ekki geta fullyrt, hvort þetta var áður en stefndu seldu skipið eða eftir þann tíma, hann minnti þó frekar, að stefnandi hafi komið fyrst til sín, eftir að skipið var selt.

Upplýst er í málinu, að verkfall var hjá yfirmönnum á bátaflotanum frá 10. janúar til 18. febrúar 1969.

Álit réttarins.

Það er viðurkennt af stefnda Haraldi, „að samkomulagið við stefnanda, að hann tæki við skipstjórn, er báturinn yrði tilbúinn, hafi verið gert áður en nokkuð kom til orða að selja bátinn.“

Samkvæmt gögnum, er stefndu hafa lagt fram, var kaupsamningur um bátinn gerður 2. janúar 1969.

Stefndi Jón Hafdal hefur viðurkennt, að „fyrir jól eða a. m. k. þó nokkuð löngu áður en báturinn átti að vera tilbúinn“ hafi stefndu rætt það við stefnanda, „hvort hann vildi ekki koma til þeirra sem skipstjóri á bát, sem þeir áttu í byggingu í Dröfn.“

Með vísan til þessara yfirlýsinga stefndu fyrir dómi verður að telja sannað, að ráðningarsamningur um skipstjórn stefnanda á umræddum bát hafi komist á á árinu 1968.

Stefndi Haraldur kvað við aðiljayfirheyrslu hafa verið reiknað með því, að báturinn yrði tilbúinn um miðjan marsmánuð, en stefndi Jón Hafdal kvað hafa staðið til, að hann yrði tilbúinn á netavertíð í mars-apríl.

Fullyrðingu stefnanda og vottorði skipstjóra þess, er stefnandi var stýrimaður hjá, um, að stefnandi hafi sagt upp fyrri stýrimannsstöðu sinni hinn 23. nóvember 1968, hefur ekki verið hnekk.

Hinir sérfróðu meðdómsmenn telja það venjulegt, að skipstjóri sé ráðinn á bát áður en smíði lýkur, m. a. til þess að gera tillögur um breytingar, fylgjast með frágangi, sjá um að útvega mannskap, veiðarfæri o. s. frv.

Með tilliti til alls þessa verður að byggja á þeirri fullyrðingu stefnanda, að hann hafi ráðist til stefndu frá og með 26. nóvember 1968 til þess að hafa eftirlit með smíði og frágangi skipsins og undirbúa úthald þess.

Það breytir ekki þessari niðurstöðu, þótt skipatæknifræðingur hefði einnig eftirlit með smíðinni, eftirlitsstörf hans eru annars eðlis en væntanlegs skipstjóra.

Samkvæmt þessu ber að fallast á kröfu stefnanda um laun fyrir

tímabilið frá 26. nóvember til þess dags, er honum var sagt upp, og verður við það að miða, að uppsögnin hafi farið fram hinn 20. janúar 1969, eins og stefnandi heldur fram. Enn fremur þykir stefnandi eiga rétt til launa á 3ja mánaða uppsagnarfresti, þó að frádregnum launum fyrir tímabilið frá 11. mars til 20. apríl, en þann 11. mars tók stefnandi upp störf sem stýrimaður á m/b Skálabergi, og ósannað er, að stefnandi hafi misst nokkurs af tekjum frá þeim degi vegna slita á ráðningarsamningnum.

Það athugast, að ekki þykir ástæða til að láta stefnanda sæta frádrætti á launum fyrir verkfallstímabilið frá 10. janúar til 18. febrúar. Við það var miðað, að þá stæði smíði bátsins enn yfir, og stefnanda var hvorki heimilt né skylt að fella niður eftirlits- og undirbúningsstörf sín vegna verkfallsins.

Samkvæmt þessu ber að taka fyrsta liðinn í sundurliðun kröfugerðar stefnanda til greina að fullu, þ. e. með kr. 32.008.57, annan liðinn með kr. 34.918.00 og þriðja liðinn með kr. 4.684.86, og nemur höfuðstóll dómskuldar samkvæmt því kr. 71.611.43.

Stefndu hafa mótmælt sjóveðréttarkröfu stefnanda. Hann hafi ekki stefnt eigendum skipsins til þess að þola sjóveðréttinn. Sjóveðréttur geti ekki stofnast í skipi í smíðum.

Stefnandi heldur því fram, að stefndu hafi verið eigendur að skipinu fram til 13. febrúar 1970, en skipið þá fyrst verið skráð á nafn nýrra eigenda og stefndu hafi fram til þess tíma komið fram sem eigendur þess, m. a. í viðskiptum við Fiskveiðasjóð. Stefndu hafi því verið eigendur skipsins á þeim tíma, sem mál þetta var höfðað. Ekkert sé því heldur til fyrirstöðu, að sjóveðréttur stofnist í skipi í smíðum, enda fari um réttindi yfir skipum eftir reglum um fasteignir eftir því sem við verður komið, sbr. 2. kafla siglingalaganna, og alkunna, að hvers konar veðréttindi geti stofnast, t. d. í húsum í byggingu.

Það er óumdeilt, að skip það, sem stefndu áttu í smíðum, var eigi skráð eða skráningarskylt og eigi sjósett eða tekið til notkunar á því tímabili, sem kröfur stefnanda taka til. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki talið, að skilyrði til stofnunar sjóveðs hafi verið fyrir hendi fyrir tildæmdum kröfum í máli þessu. Ber því að synja um viðurkenningu á sjóveðrétti fyrir tildæmdum fjárhæðum í máli þessu.

Málskostnaður ákveðst kr. 32.000 sic.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt sjó- og verslunardómsmönnum Þorsteini Einarssyni og Guðmundi Guðmundssyni, fyrrum skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndu, Haraldur Jónsson og Jón Hafdal Jónsson, greiði in solidum stefnanda, Sigurði Sigurjónssyni, kr. 71.611.43 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. febrúar 1969 til greiðsludags og kr. 30.000 (sic) í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Synjað er um viðurkenningu á sjóveðrétti fyrir ofangreindum fjárhæðum.

Föstudaginn 27. maí 1977.

Nr. 145/1976. **Jónatan Þórmundsson**
Þorsteinn Sæmundsson
Þór Vilhjálmsson og
Ragnar Ingimarsson

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Gesti Guðmundssyni

(Ingi R. Helgason hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerkning ummæla. Sýknað af kröfu um miskabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Unnsteinn Beck borgarfégeti og Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 9. júlí 1976, og gert þær dómkröfur:

1. að ummæli þau, sem stefnt var út af, verði dæmd dauð og ómerk,
2. að stefndi verði dæmdur til refsingar,
3. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða hverjum